

L ö g

Nr. 35.
2.
nóvbr.

um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi
Reykjavíkur.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Reykjavíkur og gera nákvæman uppdrátt af þeim.

Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni.

2. gr.

Mælikvarði uppdráttarins skal ekki vera minni en 1 : 500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða, og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

3. gr.

Bæjarstjórnin ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir, að láta þeim í tje þær upplýsingar, er þeir sækja og þurfa, til þess að geta framkvæmt starf sitt.

Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda sjeu þeir heimilisfastir í Reykjavík eða þar staddir, viðvart, með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hve nær merki verði ákveðin. Er þeim rjett að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún þá og lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóða.

Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi rjettar síns til að vera þar við, og ákveður mælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðareigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum.

Eigendur eða umboðsmenn lóða, er eigi hafa sótt merkjastefnu, geta, ef þeir vilja eigi hlíta merkjasetningu, gert mælingamanni, innan 4 vikna eftir merkjastefnu, viðvart, og fer um dómsvald á ágreiningi lóðarkerkja, þegar svo stendur á, eftir lögum þessum.

4. gr.

Bæjarstjórnin löggildir bók, sem nefnist lóðamerkjabók. Skal mælingamaður rita í hana lýsing á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit af aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar, eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, bygðra og óbygðra. Mælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra, skulu undirskrifa lýs-

Nr. 35. inguna, en rjett er lóðaeigendum að gera fyrirvara um ágreining, ef samkomulag fæst
 2. eigi um merkin, og skal þá sýna á eftirritinu af uppdrættinum svo greinilega sem unt er,
 nóvbr hvað milli ber um merkin. Mælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur rjettari, eða geti hann á hvoruga fallist, hvar hann telur merki rjettast eftir öllum atvikum.

5. gr.

Úr öllum þrætum um merki lóða sker merkjadómur. Merkjadóm þenna skipa 3 menn. Kýs stjórnarráðið einn; skal hann vera lögfræðingur, og er hann formaður dómsins. Annan hinna tveggja kýs landsyfirdómurinn, en bæjarstjórnin hinn. Þeir varamenn skulu og kosnir á sama hátt. Varamaður tekur sæti í dómnum, ef aðalmaður deyr, eða forfallist sá, sem hann er varamaður fyrir. Ef bæði aðalmaður og varamaður deyja eða forfallast, skal sá, sem kaus þá, velja mann í staðinn. Í dómnum ræður afl atkvæða úrslitum. Um óhæfi (inhabilitet) merkjadómara gilda sömu reglur sem um óhæfi reglulegra dómara, samkvæmt landslögum. Áður en merkjadómari byrjar störf sín í dómnum, skal hann skrifa undir eiðspjall. Hverjum merkjadómara ber 4 kr. í þóknun fyrir hvern dag, er hann situr að merkjadómi.

6. gr.

Nú verður ágreiningur um lóðamörk, og sendir þá mælingamaður formanni merkjadóms uppdrátt af þrætulóðunum og skýrslu um það, í hverju ágreiningurinn sje fólgin. Formaður merkjadóms kveður málsaðilja síðan til þess að sækja merkjadómþing með hæfilegum fyrirvara, er venjulega sje eigi lengri en 3 sólarhringar. Skal einn löggiltur stefnuvottur birta fyrirkalið. Á merkjadómþingi leggja málsaðiljar fram gögn sín og leiða vitni, ef með þarf. Dómendur ganga á merki, ef þeim þykir það nauðsynlegt, áður eða eftir að vitnaleiðsla hefir fram farið.

Vitnum er skylt að mæta fyrir merkjadómi með einnar nætur fyrirvara. Ákvæði N. L. 1—13—13 gildir eigi. Frestir skulu sem stytstir vera, og eigi lengri en 3 sólarhringar, nema brýna nauðsyn beri til. Merkjamál þarf ekki að leggja til sátta.

Nú sækja aðiljar, einn eða fleiri, eigi merkjadómþing, enda þótt löglega sje til stefnt, og skal þá dómur ganga um málið alt að einu, enda skipi dómurinn þá talsmann hverjum þeim, er eigi sækir dómþingið, en að öðru leyti skal málið fara eftir rjettarfarsreglum einkamála.

7. gr.

Dómur í merkjamáli skal uppkveðinn innan 3 sólarhringa eftir dómtöku, nema mál sje óvenjulega umfangsmikið, enda má dómsuppsögn aldrei dragast lengur en 14 daga.

Í merkjadómi skulu lóðamerki ákveðin. Tilkynnir formaður merkjadóms málsaðiljum og mælingamanni, hvar og hve nær dómur verði uppkveðinn. Mælingamaður afmarkar síðan lóðina á uppdrættinum, eins og merkjadómur hefir ákveðið hana, og innferir í lóðamerkjabók.

Merkjadómur kveður og á um það, hver málsaðilja skuli greiða málskostnað, þar á meðal um kaup til dómenda. Nú þykir merkjadómi eigi ástæða til að kveða á um greiðslu kaupsins til dómenda, og greiðist það þá úr bæjarsjóði. Merkjadómi má fullnægja sem öðrum dómum. Fullnægjufrestur er 3 sólarhringar eftir dómsuppsögn.

8. gr.

Merkjadómi má skjóta til landsyfirdóms áður liðnar sjeu 4 vikur frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að 3 mánuðir eru liðnir frá dómsuppsögn. Ákvæði

N. L. 1—2—3 um stefnu til dómara gilda eigi um þetta málskot, enda sje merkjadómend- Nr. 35.
um eigi stefnt til ábyrgðar fyrir dóm sinn eða málsmeðferð. Að öðru leyti gilda almennar ^{2.}
rjettarfarsreglur einkamála um meðferð merkjamála bæði fyrir merkjadómi og yfirdómi, ^{nóvbr.}
að því leyti sem við á.

9. gr.

Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa í kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af stjórnarráði Íslands. Stjórnarráðið setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnarinnar, reglur um, hvernig skrásetningunni skuli hagað.

10. gr.

Í skrá þessa og á aðaluppdráttum skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin mann til að hafa starfa þenna á hendi.

11. gr.

Nú verða eigandaskifti að skrásettri lóð, og má þá eigi þinglýsa skjal eða skjölum þar um, nema lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigandaskiftanna sje getið í lóðaskrá.

Ef skrásettri lóð er skift í hluta, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiftinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiftingunni.

12. gr.

Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í tje staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir hvert eftirrit greiðist 2 kr. Sama gjald greiðist fyrir vottorð þau, er ræðir um í 10. gr.

13. gr.

Bæjarstjórnin getur á sama hátt látið skrásetja og mæla lóðir og lönd utan kaupstaðarlóðarinnar, en innan lögsagnarumdæmisins, er þá færast á aukaskrá. Um auka-skrána gilda hin sömu ákvæði, sem hjer að framan eru sett um aðalskrána, en mælikvarði uppdráttar, sbr. 2. gr., má þó vera minni.

14. gr.

Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 7. gr.

15. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar bæjarstjórnin veitir fje það, sem til þess er nauðsynlegt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.